



Borgarráð

Tillaga um styrkveitingu úr minnisvarðasjóði Þórs Sandholt og slit sjóðsins

Lagt er til að fjármunum minnisvarðasjóðs Þórs Sandholt verði ráðstafað til Listasafns Reykjavíkur í því skyni að endurgera listaverkið *Landnám* og að sjóðnum verði slitið við sama tækifæri.

Greinargerð:

Vísað er til tölvupósts, dags. 6. september 2023, sem barst sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs frá safnstjóra Listasafns Reykjavíkur þar sem lagt er til að fjármunum úr minnisvarðasjóði Þórs Sandholt verði varið samkvæmt tilgangi sjóðsins en hann hefur verið óhreyfður til margra ára.

Í erindi safnstjóra kemur fram að Reykjavíkurborg eigi verk sem ber titilinn *Landnám* sem stendur við Háaleitisbraut. Listaverkið er eftir Björgvin Sigurgeir Haraldsson og var reist árið 1974 sem minnisvarði um landnám Íslands. Verkið er úr steinsteypu og hefur verulega látið á sjá auk þess sem ástand þess er orðið hættulegt umferð á svæðinu. Fram kemur að fyrir liggja mat þess efnis að ekki sé hægt að gera við verkið heldur þurfi að endurgera það. Kostnaður við endurgerð er áætlaður rúmar 10 milljónir króna og er lagt til að við slit sjóðsins verði fénu varið til að standa straum af þessari endurgerð. Listasafn Íslands hefur lagt til hliðar 2 milljónir króna á þessu ári til að vinna að þessu verkefni og yrði að huga að lokafjármögnun síðar. Fjármagn úr sjóðnum myndi tryggja að hægt væri að vinna verkið.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur umsjón með sjóðnum en engin stjórn er yfir honum og ekki hefur fundist skipulagsskrá fyrir sjóðinn þrátt fyrir leit. Sjóðurinn er ekki á sjóðaskrá sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Tilurð sjóðsins á sér langa sögu eða frá árinu 1954 en tilgangur hans var að reisa minnismerki um endurreisn lýðveldisins Íslands. Þann 22. janúar 1980 afhenti dánarbú Þórs Sandholts sjóðinn til Reykjavíkurborg til eignar. Sjóðurinn hefur ekki veitt styrki eða fengið nokkrar tekjur síðustu 20 árin eða jafnvel allt frá árinu 1980.

Ársreikningur fyrir árið 2022 var lagður fram þann 27. júní 2023 þar sem fram kemur að eigið fé sjóðsins nemi 6.565.082 kr. Er það sú fjárhæð sem lagt er til að verði veitt úr sjóðnum til endurgerðar verksins *Landnám*. Jafnframt er lagt til að sjóðnum verði slitið eftir að eign sjóðsins hefur verið ráðstafað samkvæmt framansögðu.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri